

Minnisblað: Húnvetningur

Dagsetning:	18. júní 2020
Efni:	Samantekt frá fundum með ráðherrum og þingmönnum
Viðtakandi:	Sameiningarnefnd
Skjalið samdi:	Róbert Ragnarsson, RR ráðgjöf ehf.

Verkefnið

Fulltrúar sveitarfélaganna áttu fundi með ráðherrum og þingmönnum kjördæmisins mánudaginn 15. júní síðastliðinn til að ræða að *Aðkomu Alþingis og ríkisstjórnar að sameiningu sveitarfélaga í Húnavatnssýslu*, sbr. meðfylgjandi minnisblað sem lagt var fram á fundunum. Fulltrúar sveitarfélaganna voru eftirfarandi og fór Jón Gíslason formaður Sameiningarnefndar fyrir hópnum.

- Alexandra Jóhannesdóttir
- Dagný Rósa Úlfarsdóttir
- Einar Kristján Jónsson
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Halldór G. Ólafsson
- Jón Gíslason, formaður sameiningarnefndar
- Róbert Ragnarsson, verkefnisstjóri

Hópurinn fundaði með:

- Þórdísi Kolbrúnu Reyk fjörð Gylfadóttur, ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Með henni á fundinum var aðstoðarkona hennar.
- Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Með honum á fundinum voru aðstoðarmaður hans, skrifstofustjóri sveitarstjórnarskrifstofunnar og forstöðumaður Jöfnunarsjóðs.
- Kristjáni Þór Júlíussyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Með honum á fundinum voru aðstoðarmenn hans.
- Þingmönnum norðvesturkjördæmis. Á þeim fundi voru Haraldur Benediktsson, Bergþór Ólason, Halla Signý Kristjánsdóttir og Sigurður Páll Jónsson.

Ráðherrar tóku vel á móti hópnum, sýndu verkefninu góðan skilning og lofuðu að styðja við sjónarmið Húnvetninga eftir bestu getu. Í forgangi var að ræða verkefni sem heyra undir verksvið hvers ráðherra.

Á fundi með ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra var áhersla lögð á stuðning við uppbyggingu ferðaþjónustu í Austur- Húnavatnssýslu og styrkingu raforkuflutningskerfis. Þá var lagt til að sett verði af stað sérstakt verkefni til atvinnu- og byggðapróunar á svæðinu og óskað eftir stuðningi atvinnu- og nýsköpunaráðuneytisins. Ákveðið var að ráðherra komi í heimsókn í Austur- Húnavatnssýslu í ágúst og var heimamönnum falið að hefja undirbúning.

Á fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, sem jafnframt er byggðaráðherra, var óskað svara um stuðning Jöfnunarsjóðs við sameiningar sveitarfélaga. Fram kom að reglur um stuðning sjóðsins verði að líkindum staðfestar fyrir júnílok. Þá kom fram að ráðherra hefur lagt til við gerð nýrrar fjármálaáætlunar að ríkissjóður leggi aukin framlög til sjóðsins vegna sameiningar sveitarfélaga. Fram kom að samkvæmt núverandi áætlun ættu framlög til sameinaðs sveitarfélags í Austur- Húnavatnssýslu að vera um 765 mkr. sem komi til greiðslu á árunum 2022-2029, ef sameining verður staðfest. Þá kom fram að tekjujöfnunar - og útgjaldajöfnunarframlög gætu lækkað um rúmar 60 mkr. á ári eftir árið 2027, að óbreyttum reglum Jöfnunarsjóðs og fjölda sveitarfélaga.

Fulltrúar sveitarfélaganna lýstu vonbrigðum sínum með að aðeins sé gert ráð fyrir framlögum til hönnunar Skagastrandarveggar á þessu ári, en engin framlög eru til framkvæmda á næsta ári skv. fyrirbyggjandi áætlun. Í máli ráðherra kom fram að forgangsröðun væri til skoðunar og myndi skýrast í

haust. Þá lýstu sveitarfélögin kröfum sínum til aukinna framlaga til uppbyggingar héraðs- og tengivega og ósk um aukna aðkomu að ákvörðunum og forgangsroðun. Ráðherra vísaði til þess að fjármagn til héraðs- og tengivega hafi verið tvöfaldað sem ætti að liðka fyrir frekari uppbyggingu. Þá var rætt um sérstakt verkefni til atvinnuþróunar á svæðinu og óskað eftir stuðningi byggðaráðuneytisins.

Á fundi með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra var áhersla lögð á að Austur-Húnavatnssýsla er rótgróið matvælaframleiðslusvæði sem væri í erfiðri varnarbaráttu. Afar mikilvægt er að styrkja starfsumhverfi bænda og óskað var eftir auknum aflaheimildum til að bregðast við breytingum í sjávarútvegi. Í máli ráðherra kom fram að ráðuneytið hafi ekki aflaheimildir til ráðstöfunar og að breytingar eru væntanlegar á rekstrarumhverfi afurðastöðva. Lagt var til að sett verði af stað sérstakt verkefni til atvinnu- og byggðapróunar á svæðinu og óskað eftir stuðningi atvinnu- og nýsköpunaráðuneytisins. Ráðherra lýsti sig reiðubúinn að skoða allar góðar hugmyndir með opnum huga, en lagði áherslu á að sveitarstjórnarráðuneytið ætti að fara með samræmingarhlutverk gagnvart stuðningi við sameiningu sveitarfélaga.

Á fundi með þingmönnum kjördæmisins voru allar hugmyndirnar ræddar. Sveitarstjórnarmenn lýstu vonbrigðum sínu með að aðeins sé gert ráð fyrir framlögum til hönnunar Skagastrandarvegar á þessu ári og framkvæmdastoppi í framhaldinu. Í máli þingmanna kom fram að fyrirbyggjandi er nefndarálit meirihluta umhverfis- og samgöngunefndar¹ þar sem lagt er til að tilteknum framkvæmdum verði flýtt í samræmi við fjárfestingaráttak 2020. Í álitinu er lagt til að framkvæmdum við Skagastrandarveg um Laxá verði flýtt um tvö ár. Á þessu ári er fyrirbyggjandi 100 mkr. fjárheimild til hönnunar og gerð útboðsgagna. Ef fjárfestingarátakið verður samþykkt á Alþingi í haust, er gert ráð fyrir framlagi að fjárhæð 1.000 mkr. á árinu 2021 og 600 mkr. á árinu 2022.

Þingmenn hvöttu Húnavetninga til að setja saman tillögur að tveimur tilraunaverkefnum. Annars vegar um forgangsroðun framkvæmda við héraðs- og tengivegi og hins vegar við atvinnu- og byggðapróun. Þau lýstu áhuga á að styðja við slík verkefni.

Samgönguverkefni

Sveitarfélögin falist eftir því að vera tilraunasveitarfélag sem fær heimild til að ráðstafa 1.000-1.500 mkr. á tilteknum tímabili til framkvæmda við héraðs- og tengivegi á þeirri forsendu að heimamenn séu líklegri til að nýta fjármagnið betur og ná meiri árangri. Samhliða verði leitað leiða til viðbótarfjármögnunar, t.d. að ríkið veiti heimild til selja eignir ríkisins, svo sem jarðir eða fasteignir, og söluhagnaður nýttur til framkvæmda. Mögulega væri hægt að nýta einkaframkvæmd (PPP) á einhverjum köflum. Fordæmi er að finna í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins þar sem til stendur að söluhagnaður Keldnalandss renni til samgönguverkefna. Verkefnið verði unnið í samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti og Vegagerðina og hönnun verði í samræmi við þeirra staðla.

Atvinnu- og byggðaverkefni

Sveitarfélögin falist eftir því að verða tilraunasveitarfélag í atvinnu- og byggðapróun. Í verkefninu felist að sveitarfélögin setji sér tiltekin markmið og verkefni á sambærilegan hátt og gert er í verkefninu Brothættar byggðir. Sveitarfélagið fái heimild til að nýta úrræði sem standa Brothættum byggðum til boða og forgangsraða fjármagni til uppbyggingar ferðamannastaða í samræmi við Áfangastaðaáætlun. Þá var rætt að nýta atvinnuleysistryggingar til að aðstoða bændur við nýsköpun og þróun í matvælaframleiðslu. Verkefnið verði unnið í samstarfi við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti (Byggðaráðuneyti), atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og þeirra

¹ Þingskjal 1685 — 434. og 435. mál. (Sótt 18. Júní 2020.

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1685.html?fbclid=IwAR1WueZFhIZVAWbA3VXgdF3GqgRd7aWpcRDhpm-EziRWdpc2LJEEODjJ8bg>)

undirstofnanir. Mögulega væri að auki hægt að sækja fjármagn í nýjan Matvælasjóð og uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

Næstu skref

Ákveða tímasetningu og bjóða ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra í heimsókn í ágúst.

Setja saman verkefnistillögur fyrir tilraunaverkefnin.

Setja frétt á vefinn um heimsóknirnar og næstu skref. Birta minnisblaðið sem lagt var fyrir ráðherra og þingmenn

dröög